

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, hrm. Theódór B. Lindal f. h. Baldvins Kristinsonar, kr. 1064.75 með 5% ársvöxtum frá 9. maí 1942 til greiðsludags og kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. október 1943.

Nr. 43/1943. **Vélsmiðjan Jötunn h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Húsaleigunefnd Reykjavíkur

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Kröfu um fjárnám fyrir dagsektum hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson lögmaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. apríl þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að dagsektirnar verði lækkaðar og fjárnámið einungis staðfest að því leyti. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í hér-aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hafa hér fyrir dómi verið á einu máli um það, að húsnæði því, sem í máli þessu greinir, hafi að fullu verið breytt í einkaíbúð hinn 18. janúar þ. á. Telja verður það meginreglu í íslenskri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðilja verði ekki fullnægt, hvorki með aðför né afplánunum, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann

til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 og áður 4. gr. laga nr. 13/1925.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. febr. 1943.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 5. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Sigurgeir Sigurjónsson hrm., krafizt þess í umboði húsaleigunefndar, að fram fari fjárnám hjá h/f Jötni, eiganda hússins Pálshús við Lágholtsveg, til tryggingar dagsektum, sem námu 31. des. s. l. kr. 8100.00, svo og til tryggingar kostnaði öllum við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Gerðarþoli hefur aðallega mótmælt framgangi þessarar gerðar, en til vara krafizt lækkunar á hinum úrskurðuðu dagsektum. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Með úrskurði húsaleigunefndar, uppkveðnum 7. október síðastliðinn, var gerðarþola, að viðlögðum 100 króna dagsektum, gert að breyta neðri hæð hússins Pálshús við Lágholtsveg úr teiknistofum og skrifstofum í íbúð, og skyldu dagsektir falla á að þrem dögum liðnum frá birtingu úrskurðarins, en úrskurður þessi var birtur í skrifstofu gerðarþola 8. október 1942, og bar því að reikna dagsektir frá og með 12. þ. m., ef húsnæðinu yrði ekki breytt í hið fyrirskipaða horf. Þann dag gerir gerðarþoli leigusamning um húsnæði þetta, þar sem hann leigir tilgreindri persónu alla hæðina, 3 herbergi og eldhús, fyrir tiltekna upphæð. Eftir því sem viðurkennt er í máli þessu, hefur leigutakinn þó ekki fengið afnot allrar hæðarinnar, heldur hefur gerðarþoli sjálfur notað eitt herbergi af íbúðinni fyrir teiknistofu og skrifstofu, án þess að samþykki húsaleigunefndar kæmi til.

Aðalkröfu sína byggir gerðarþoli á því, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til þess að vænta þess, að umræddar dagsektir kæmu ekki til framkvæmda, þar eð hann hefði leigt húsnæði þetta til íbúðar þegar 12. október s. l. og sent húsaleigusamninginn húsaleigunefnd til staðfestingar, enda þótt hann með samkomulagi við leigutakann hefði fengið leyfi til þess að nota eitt herbergi af íbúðinni sem skrifstofu og teiknistofu. Kveðst hann oft hafa spurzt fyrir um mál þetta, en ávallt verið tilkynnt hið sama, að húsaleigunefnd væri ekki unnt að taka málið fyrir vegna annrikis.

Í desembermánuði síðastliðnum hefði húsaleigunefnd loks komið til að skoða húsnæðið, en hann hefði þá engin skýr svör fengið um það, hvaða afstöðu hún tæki til málsins, og ekkert síðar um málið heyrt, fyrr en hann fékk í fyrra mánuði tilkynningu um fjárnámskröfu fyrir dagsektum.

Gerðarbeiðandi hefur með öllu mótmælt því, að húsaleigunefndin hafi komið til gerðarþola í sambandi við úrskurðinn um dagsektir, heldur hafi nefndin aðeins komið í þeim tilgangi að meta leigu þess húsnæðis, er gerðarþoli hafði leigt út, en við komu sína þangað hafi húsaleigunefndin komið að raun um, að gerðarþoli hafi enn haft skrifstofu og teiknistofu í íbúðinni, og átalíð það við hann og hvatt hann til að hlýðnast úrskurðinum og kippa þessu í lag.

Samkv. því, sem hér er komið fram, verður ekki talið, að gerðarþoli hafi til fulls hlýðnast úrskurði húsaleigunefndar á réttarskj. nr. 2, og verður því að telja, að grundvöllur sé fyrir framgangi þessarar gerðar.

Varakröfu gerðarþola verður heldur ekki hægt að taka til greina þegar af þeirri ástæðu, að eigi verður séð, að fógatarétturinn geti ákveðið upphæð þeirra sekta, sem hér um ræðir. Málskostnaðarkrafa gerðarþola verður eftir þessum úrslitum ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Úrskurð þenna hefur ekki verið unnt að kveða upp fyrir vegna anna.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Föstudaginn 15. október 1943.

Nr. 79/1942. **Magnús Guðbjartsson** (Magnús Thorlacius)
 gegn

Karel Hjörþórssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Heimta ábyrgðarskuldar.

Dómur hæstaréttar.

Hérasæddóm hefur Björn lögmaður Þórðarson kveðið upp.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. ágúst 1942. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1006.84 með 6% ársvöxtum frá